



alþýðu blaðið

MIDVIKUDAGUR

4. júní 1975 — 124. tbl. 56. árg.

SJÖ DAGAR TIL STEFNU

30 þúsund launþegar hafa boðað verkfall

„Þegar skrifstofa okkar lokaði í dag, höfðu fimmtíu aðildarfélög þegar tilkynnt okkur verkfallsboðun sína þann 11. júní. Tvö félög í viðbót hafa aflað sér heimildar til verkfalls, en ekki ákveðið hvenær þau boða það og auk þess bætast ein þrjátíu og fjögur félög inn í myndina, þar sem Landsamband vörubifreiðastjóra hefur boðað samúdarverkfall, sem

kemur til framkvæmda um leið og verkalyðsfélög leggja niður vinnu á hverjum stað.

Alls eru það því áttatíu og fjögur félög, sem boðað hafa verkfall þann ellefta, eða meir en helmingur af aðildarfélögum A.S.Í. og verkfallið nær því til 25–30.000 félagsmanna, ef það skellur á”, sagði Ólafur Hannibalsson, skrifstofustjóri Alþýðusambands ís-

lands, í viðtali við Alþýðublaðið í gær, en þá rann út frestur sá sem launþegafélög höfðu til að boða verkfall þann 11. júní.

„Þau félög, sem tilkynna verkfallsboðun sína síðar, fresta svo verkföllum sínum í samræmi við það”, sagði Ólafur enn fremur, „þannig að þau sem tilkynna á morgun, koma inn í myndina þann tólfta. Það er ómögulegt að spá um hve mörg eiga eftir að tilkynna sig, en á Sudurnesjum eru fundir í kvöld. Vestfjarðafélagin, Vestmannaeyjafélagin og hluti af félagunum fyrir norðan, hafa ekki látið í sér heyra enn.


Fundur stendur nú yfir milli ASÍ og vinnuveitenda”, sagði Ólafur að lokum. „Ég býst ekki við að þar náist neinn árangur. Það hefur allt staðið fast undanfarið og var ekkert hjartáskýning hjóð í mönnum í dag”.

Meðal þeirra félaga, sem þegar hafa tilkynnt verkfallsboðun sína til ASÍ, eru öll stærstu launþegafélög á landinu. Þar á meðal Dagsbrún, Iðja, Framsókn og Sókn í Reykjavík, auk Verslunarmannafélags Reykjavíkur, Félag íslenskra rafvirkja, Félag járníðnadamanna, Trésmíðafélag Reykjavíkur, Eining á Akureyri og Vaka á Siglufirði.

ÍSLENSKIR PILTAR DÆMDIR Í FJÁRSEKTIR Í MAROKKÓ

Dómur er nú fallinn í máli íslensku piltanna tveggja sem handteknir voru fyrir fíkniefnabrot í Marokko fyrir skömmu síðan. Voru piltarnir dæmdir til að greiða 4.000 dirkans í sekt, en það samsvarar um 167.000 íslenskum krónum. Að sögn utanríkisráðuneytisins er nú unnið að því að lækka þessa sekt niður í 600 dirkans, eða um 25.000 íslenskar krónur.

Dóm þennan hlutu piltarnir fyrir að hafa í fórum sínum eitt-hvert magn af fíkniefninu hassish, en ekki hefur tekist að fá nákvæmar upplýsingar um hve mikið það var. Piltarnir verða frjálssir ferða sinna þegar lokið verður „prútti” um sektina og hún hefur verið greidd.



VIÐTAL VIÐ
ÞJÓÐMINJA-
VÖRD
— SJÁ BLS. 2

ÞÆR FÖLSUÐU ÚR SÖGUNNI?

ALLAR AVÍSANIR VERÐA FRAMVEGIS SKRÁÐAR SAM- DÆGURS

„Starfsemi okkar á að auðvelda bönkunum allt eftirlit með ávísanareikningum sínum, að því leiti til, að ávísanir berist fyrir til meðhöndlunar hjá þeim. Framvegis verða allar innleystar ávísanir sendar okkur og því verða þær skráðar hjá viðkomandi banka samdægurs, í stað þess að vera nokkra daga á ferli um bankakerfið, líkt og verið hefur í ríkjandi kerfi”, sagði Einar Pálsson, forstöðumaður Reiknistofu bankanna, sem fljótlega mun taka í sína þjónustu tölvu, sem ætlað er það hlutverk að torvela spil manna með innistæðulausar ávísanir og herða allt eftirlit með ávísanareikningum.

„Auk þess að auka eftirlit með ávísanareikningum almennt, mun þetta nýja kerfi koma alveg í veg fyrir svonefndar keðjuávisanir. Keðjuávisanir nefnum við það, þegar sami aðili hefur reikning í tveim bönkum og getur með því að taka út af þeim og leggja inn á þá á vixl, spilað með ákveðna fjárupphæð, sem raunverulega er alls ekki fyrir hendi”.

Tölva Reiknistofu bankanna er af IBM gerð, samsvarandi þeim sem Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborg hafa til umráða, en heldur minni.



Hvað skyldu mennirnir vera að gera?

Í gær kom landslið A-Þjóðverja til landsins og létu Þjóðverjarnir það verða sitt fyrsta verk að skoða Laugardalsvöllinn. Þeir virtust ekkert hafa yfir vellinum að kvarta og sögdust hafa séð annað eins.

Sjá nánar ípróttir síðu 8 og 9

VERSLUNARMENN ÚR SAMNINGANEFND ASÍ

A all átakamiklum framhalds- aðalfundi Verslunarmannafélags Reykjavíkur, sem haldinn var í fyrrakvöld, var samþykkt tillaga, er borin var fram af Guðmundi H. Garðarssyni, formanni félagsins, þess efnis, að félagið segi sig úr niu manna samninganefnd Alþýðusambands Íslands, en boði til vinnustöðvunar frá og með 11 júní nk. hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma.


Aður en framhaldsaðalfundurinn hófst, kom stjórn VR saman til fundar. Á þeim fundi bar Guðmundur H. Garðarsson, alþingismaður og formaður félagsins, fram þá tillögu, að Verslunarmannafélag Reykjavíkur segði sig úr niu manna samninganefnd ASÍ, nema því aðeins, að félagið fái aukna aðild að nefndinni, og auk þess lagði formaðurinn til, að VR boðaði ekki til vinnustöðvunar fyrir en 18. júní, eða viku síðar en önnur aðildarfélög Alþýðusambands Íslands. Magnús L. Sveinsson, varafor-

maður og framkvæmdastjóri VR lagði einregið gegn tillögu Guðmundar.

Þegar til sjálfs framhaldsaðalfundarins kom, sem hófst ekki fyrir en hálfri klukkustund síðar en til hans hafði verið boðað, vegna þófsins í stjórn félagsins, bar Guðmundur H. Garðarsson tillöguna fram nokkuð breytta, hafði fellt úr henni það atriði, að vinnustöðvun skyldi ekki koma til framkvæmda fyrir en 18. júní.

Þannig breytt var tillaga formannsins felld í fyrsta umgang á jöfnum atkvæðum, en flutningsmaður fékk því framgengt, að atkvæðagreiðslan var endurtekin. Féllu atkvæði þá svo, að tillagan var samþykkt með 48 atkvæðum gegn 32.

Mjög harðar umræður urðu á fundinum um tillögu formannsins og var það álit nálægt helmings fundarmanna, að Verslunarmannafélag Reykjavíkur ætti áfram að eiga aðild að niu manna samninganefnd ASÍ. Aðeins með samstöðu við önnur launþegasamtök í landinu væri haft að vanta jákvæðs árangurs í þeirri kjarabaráttu, sem nú væri háð.



Guðmundur H. Garðarsson